

Fornleifar í Suðurgötu frá Melatorgi að
Túngötu, í Vonarstræti frá Suðurgötu að
Tjarnargötu, í Túngötu frá Suðurgötu að
Garðastræti og næsta nágrenni.



Anna Lísu Guðmundsdóttir

Minjasafn Reykjavíkur- Árbæjarsafn
Unnið fyrir gatnamálastjóra

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Almennt um verndun fornleifa og tilgang skráningar.....	3
3.	Fornleifaskráning.....	5
4.	Saga og minjar	6
	4.1 Reykjavíkurbærinn.....	6
	4.2 Suðurgata	9
	4.3 Hólakot.....	10
	4.4 Skólabær.....	10
	4.5 Melshús	11
	4.6 Melkot.....	11
	4.7 Brunnhús.....	12
5.	Rannsóknir	12
	5.1 Prufuholur vegna framkvæmda.....	12
	5.1.1 Hóla 1.....	13
	5.1.2 Hóla 2.....	14
	5.1.3 Hóla 3.....	14
	5.1.4 Hóla 4.....	15
6.	Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu.....	17
7.	Fornleifaskrá, hluti af Reykjavík - 181285-5.....	19
8.	Niðurstöður- verndarsvæði	33
	Heimildarskrá.....	35

1 Inngangur

Skýrsla þessi er unnin að beiðni gatnamálastjóra, vegna endurnýjunar Suðurgötu frá Melatorgi að Túngötu, Vonarstræti frá Suðurgötu að Tjarnargötu, Túngötu frá Suðurgötu að Garðastræti. Reikna má með töluverðum fornleifum á framkvæmdarsvæðinu. Markmið þessarar skýrslu er að draga saman upplýsingar um svæðið og meta útbreiðslu fornleifa á framkvæmdarsvæðinu.

Skráðar eru allar fornleifar sem eru við framkvæmdarsvæðið og næsta nágrenni. Þessar fornleifar tilheyra jörðinni Reykjavík. Engar fornleifar hafa áður verið skráðar á þessu svæði, þannig að um frumskráningu er að ræða.

Framkvæmdarsvæðið liggur í og við mjög viðkvæm minjasvæði. Á svæðinu er að finna elstu minjar í Reykjavík, þ.e.a.s. við hornið á Túngötu og Aðalstræti og syðsta hluta Suðurgötu, auk yngri minja aðeins sunnar við Suðurgötuna eins og Brunnhús og Aníkuhús, auk Melkots sem er austan við kirkjugarðinn. Gerðar voru nokkrar rannsóknarholur til að staðsetja minjar í Suðurgötu sunnan við Suðurgötu 7, en norðan við Suðugötu 7 hafa farið fram stærstu fornleifauppgreftir Reykjavíkur eins og uppgrofturinn við Suðurgötu 3-5 (1971-1975), auk uppgrafterins við Aðalstræti 14-18 (rannsakað 1971-1975 og aftur 2001 -2003). Þessar rannsóknir auk annarra upplýsinga eiga að gefa þokkalegar hugmyndir um hvers er að vænta.

Þar sem eldri framkvæmdir í götunum hafa þegar farið í gegnum þessi viðkvæmu svæði hafa minjar hugsanlega þegar raskast. Til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á fornleifum við endurnýjun gatnanna verður beitt sérstæðum aðferðum. Á verndarsvæðum verða nýjar lagnir lagðar í sömu skurði auk þess sem jarðvegsskipti verða takmörkuð. Komi í ljós fornleifar við framkvæmdirnar verða þær rannsakaðar að hluta. Þar sem breyta þarfa legu lagna vegna óviðráðanlegra aðstæðna fer fram fornleifarannsókn á þeim jarðvegshluta sem þarf að fjarlægja. Í lok skýrslunnar eru verndarsvæði afmörkuð og framkvæmdaraðferðum lýst.

2. Almenn um verndun fornleifa og tilgang skráningar

Í Þjóðminjalögum¹ kemur fram að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskur menningararfur flytjist óspilltur til komandi kynslóða. Meðal þess sem telst til menningararfsins eru fornleifar sem í 9. grein þjóðminjalaga eru skilgreindar þannig:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.

¹ Þjóðminjalög 107/2001 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>

- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir;

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Þetta á við um allar fornleifar, þekktar sem óþekktar, sbr. 13. grein:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er einnig hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að hafa yfirlit yfir fornleifar á tilteknum svæðum. Þannig má minnka líkurnar á að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.² Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, sbr. 14. grein þjóðminjalaga.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaf framkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Í skýrslu þessari er tekin saman skrá yfir þá staði sem geyma fornleifar og aðrar yngri menningarminjar á eða í nágrenni við framkvæmdarsvæðið. Skrá þessi

² Ragnheiður Traustadóttir, *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*, 2000, 8.

uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar fyrir gerð deiliskipulags. Umrætt svæði er mjög þéttbýlt og margbyggt, þar af leiðandi er lítið um að fornleifar séu sjáanlegar á yfirborði heldur eru elstu minjarnar á töluverðu dýpi.

3. Fornleifaskráning

Við fornleifaskráningu svæðisins var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem svæðið var skoðað. Tíndir eru til þeir staðir sem hugsanlega hafa að geyma minjar. Þar sem svæðið er þéttbýlt hafa minjastaðir raskast eða jafnvel eyðst vegna framkvæmda, eftir geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að hafa aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Fornleifarnar eru skráðar í skráningarkerfið Sarp. Kerfið byggir á því að fornleifar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835 - 45. Fornleifarnar fá þrískipt númer, í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847, þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar.

Við fornleifaskráningu er sögu jarðanna gerð skil og í þessu tilfelli er hún skrifuð með tilliti til framkvæmdasvæðisins og hlutverki minja er lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem „heimild“ en það á einnig við þegar minjarnar hafa verið rannsakaðar með fornleifauppgrefti. Þar sem fornleifar eru skráðar sem heimild eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu, þær horfnar vegna framkvæmda eða hafa verið rannsakaðar og er þá vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Framkvæmdarsvæðið sem hér er tekið fyrir, nær yfir lítinn hluta af sjálfri Reykjavíkurborginni (181283-5). Einungis eru teknir fyrir þeir minjastaðir sem tilheyra þessu framkvæmdarsvæði. Skrár fornleifa og húsa geta skarast, en meginreglan er sú að í fornleifaskrá eru skráðir þeir staðir þar sem mannvirki hafa staðið, en standi t.d. enn hús á lóðinni að einhverju leyti eða að hluta eru því gerð skil í húsaskrá Minjasafns Reykjavíkur.

Við skráningu fornleifa á svæðinu er notast við fjögur kort frá tímabilinu 1787 – 1887; kort af kaupstaðarlóðinni frá 1787 eftir Rasmus Lievog, kort eftir V. Lottin frá 1836, kort Sveins Sveinssonar af Reykjavík 1876 og 1887. Kortunum var síðan varpað á núverandi skipulag sem tekið er úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og fornleifar staðsettar á núverandi lóðum, að lokum eru þær hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktur.³ Elstu minjarnar hafa verið skráðar á kort⁴ og þeim varpað í sama kerfi.

Framkvæmdarsvæðið liggur í og við mjög viðkvæm minjasvæði. Á svæðinu er að finna elstu minjar í Reykjavík þ.e.a.s. við hornið á Túngötu og Aðalstræti og syðsta hluta Suðurgötu, auk yngri minja sem einnig eru friðaðar. Gerðar voru nokkrar rannsóknarholur til að staðsetja minjar í Suðurgötu sunnan við Suðurgötu 7, en norðan við Suðugötu 7 hafa farið fram stærstu fornleifauppgreftir Reykjavíkur eins og uppröfturinn við Suðurgötu 3-5 sem fór fram 1971-1975, auk uppgrftar við Aðalstræti 14-18 sem fór fram 1971 - 1975 og aftur 2001 - 2003. Þessar rannsóknir auk annarra upplýsinga eiga að gefa þokkalegar hugmyndir um hvers er að vænta.


³ Borgarvefsjáin, <http://borgarvefsja.is/website/bvs/>

⁴ H. M. Roberts, Archaeological Excavations at Aðalstræti 14-16, 2001.

4. Saga og minjar

4.1 Reykjavíkurbærinn

Samkvæmt Landnámu á Ingólfur Arnarson að hafa byggt í Reykjavík.⁵ Árið 1971 - 75 var ráðist í miklar rannsóknir í miðbænum, en þá voru rannsakaðar að hluta lóðirnar Aðalstræti 14-18 og Suðugata 3-5. Niðurstöður þessara rannsókna leiddu í ljós að á öllum þessum lóðum var að finna rústir frá landnámstíma og yngri.⁶ Árið 2000 - 2003 var síðan grafið aftur á lóðum Aðalstrætis 14 - 18 og kom þá í ljós stór skáli sem lá undir húsið Aðalstræti 16 sem þá hafi verið fjarlægð tímabundið.⁷ Við endurnýjun gatna á horni Aðalstrætis og Túngötu (1992) kom í ljós torf með landnámsgjösku í skurði fyrir framan Herkastalann. Nyrstu minjar frá landnámi er að finna á lóðinni Aðalstræti 12⁸ en syðstu á lóðinni Suðurgötu 7.⁹ Ekki er búið að rannsaka nema hluta af því svæði í Kvosinni sem talið er líklegt að geymi landnámsminjar en auk þess er vitað að minjar hafa farið forgörðum þar vegna framkvæmda. Rannsóknir hafa sýnt að landnámsminjar raða sér á línu sem liggur frá Aðalstræti 12 að Suðurgötu 7, (sjá mynd 1).



Mynd 1. Þekktar fornleifar á svæðinu eru í bláum hringjum en innan fjólubláa rammans er að finna landnámsminjar.¹⁰

Talið er að kirkja hafi risið í Reykjavík skömmu eftir kristnitöku en heimildir greina frá henni í máldaga Reykjavíkurkirkju frá 1379. Þar kemur fram að hún var hvorki auðug af löndum né lausum aukum. Það bendir til þess að Reykjavík hafi þá ekki verið neitt stórbýli. Um 1500 býr í Reykjavík (aðaljörðinni) Ólafur Ólafsson

⁵ Jakob Benediktsson, Íslensk fornrit I, 5.

⁶ Else Nordahl, *Reykjavík from the archaeological point of view*, Societas Archaeologica Upsaliensis. 1988.

⁷ M.H. Roberts, Archaeological Excavations at Aðalstræti 14-16, 2001.

⁸ Bjarni F. Einarsson, *Aðalstræti 12. Könnun á mannvistarminjum meðfram lóð Aðalstrætis 12*. Árbæjarsafn skýrsla 73. 1999

⁹ Kristín H. Sigurðardóttir, Fornleifarannsóknir á lóðinni Suðurgötu 7 í Reykjavík.1985.

¹⁰ Myndin er samsett úr endurbættu korti úr skýrslu H. M. Roberts, Archaeological Excavations at Aðalstræti 14-16, 2001, bls.6 og grunni úr LUKR auk viðbættum.

lögréttumaður. Hann lét reisa nýja kirkju. Um minjar frá þessum tíma eru ekki til miklar upplýsingar. Kirkjan hefur trúlega staðið á sama stað til 1798, en auk þess er að finna minjar á lóðinni Aðalstræti 12.¹¹ Líklega er þær einnig að finna austan við Suðurgötu og beggja vegna Tjarnagötu, þó að rannsóknir hafi enn ekki staðfest það.

Tími Innrétttingana hefst síðan 1752 þegar konungur gefur hinu nýstofnaða hlutafélagi jörðina. Allmörg hús voru þá byggð við Aðalstræti og Tjarnagötu eins og sjá má á korti af kaupstaðlóðinni frá árinu 1787. Hluti af þessum húsum hafa verið rannsökuð á þeim lóðum sem fornleifauppgreftir hafa farið fram, eins og Aðalstræti 12 – 18, en litlar rannsóknir hafa farið fram við Tjarnagötu.




Mynd 2. Hluti af korti af Kaupstaðarlóðinni 1787. Efst er verksmiðjuþorpið við Aðalstræti og Tjarnagötu (hús merkt a er kirkjan). Tjörnin til hægri og Suðurgatan vestan við hana. Við Suðurgötuna má sjá bæina Hólakot, Skólann, Melshús og Melkot.¹²

Með því að smella gamla kortinu af Kaupstaðarlóðinni 1787 yfir á núverandi skipulag, tekið úr LUKR, má sjá um það bil hvar þessar minjar er að finna miðað við núverandi skipulag (sjá mynd 3). Athuga ber að gamla kortið er ekki mjög nákvæmt en það gefur ágæta mynd af hugsanlega staðsetningu fornleifa.

¹¹ Bjarni F. Einarsson. *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993, Rannsóknarsaga, endurmat og landnám*. Skýrslur Árbæjarsafns XLIX. 1995.

¹² R. Lievog, *Kaupstaðarlóðin 1787. Reykjavíkurtort. Dagatal 1986*. Kort af Reykjavík frá 1715-1981.



Mynd 3. Samsett kort af kaupstaðarlóðinni 1787 og núverandi kortagrunnui (LUKR).

Byggðin 1787 hefur aðallega verið við Aðalstræti og nyrst við Tjarnargötu en Suðurgatan er merkt inn á kortið sem vegur. Við Suðurgötu voru fjögur kot.


Þegar V. Lottin gerir kort af Reykjavík 1836 eru íbúar bæjarins 650. Byggðin er farin að teygja sig út frá sjálfri Kvosinni. Aðalstræti, Kirkjustræti, Túngata og Suðurgata sjást greinilega, (sjá mynd 4), og sjá má að menn hafi stundað töluverða garðrækt á þessum tíma.




Mynd 4. Hluti af Reykjavíkurkorti 1836 eftir V. Lottin.¹³

¹³ Victor Lottin, Reykjavík 1836, *Reykjavíkurkort*. Dagatal 1986. Kort af Reykjavík frá 1715-1981.

Pegar Sveinn Sveinsson gerir sín kort af Reykjavík, 1876 og 1887, er timburhúsabyggðin komin vestan við Suðugötuna og kotin hafa verið mæld upp.



Mynd 5. Kort Sveins Sveinssonar frá 1887. Á þessu kort má glögg sjá staðsetningu kotanna.¹⁴



Mynd 6. Korti Sveins Sveinssonar varpað á grunn úr LUKR. Staðsetning kotanna miðað við núverandi skipulag.

4.2 Suðurgata

Suðurgata liggur frá Túngötu og suður að Skerjafirði. Hún er vafalítið meðal elstu gatna Reykjavíkur. Ætla má að jafnvel á fyrstu öldum byggðar í Reykjavík hafi legið stígur á þessum slóðum suður í Vatnsmýrina sem var mjög nytjuð. Einnig hefur þarna legið leið suður í Skildinganes og gæti nafnið verið dregið af því.¹⁵

Um stígin hefur einnig verið leið að Hólakoti sem var nokkru ofan við Suðurgötu 16, að Hólavallarskóla sem var ekki langt frá þar sem nú er Suðurgata 20, að Melshúsum, sem stóðu fyrir ofan veginn en er nú nyrst í kirkjugarðinum, og að Melkoti, sem var fyrir neðan kirkjugarðinn við enda Tjarnarbrekkurnar þar sem nú er baklóð Ráðherrabúðstaðarins að Tjarnargötu 32. Eftir að farið var að jarðsetja í kirkjugarðinum við Suðurgötu, um 1840, var tekið að kalla stígin Kirkjugarðstíg, Kirkjugarðsstræti eða Kærlighedsstíg í gamni vegna gönguferða ungs fólks um stígin. Var þá fljótlega farið að laga veginn. Ekki skal fullyrt hvenær Suðurgötunafnið var tekið upp en það hefur varla verið fyrr en líða tók að aldarmótum. Suðurgata var einnig nefnd Líkhúsastígur.¹⁶

¹⁴ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

¹⁵ Páll Líndal: Reykjavík, sögustaður við Sund, 3. bindi, R-Ö. 1988. 94-95.

¹⁶ Páll Líndal, Reykjavík, sögustaður við Sund, 3. bindi, R-Ö. 1988. 94-95.

4.3 Hólakot (Suðurgata 16)

Hólakot var ein af hjáleigum Víkur og mun hafa staðið nokkuð ofan við hús númer 16 við Suðurgötu. Hólakot var rífið snemma á síðustu öld. Ekki verður séð af Jarðabók Árna og Páls annað en að þetta hafi verið heldur lítilfjörlegt kotbýli en búið var að auki í tveimur kofum nálægt býlinu. Við stofnun Innréttinganna um miðja 18. öld var hluti af grasnyt Hólakots lagður til þeirra og nefndist það svæði lengi Ullarstofutún. Það sem eftir var af grasnyt var lagt til Hólavallaskóla seint á öldinni. Hugmynd var uppi um að reisa mótuneyti í Hólakoti handa nemendum skólans og jafnvel átti að selja þar ferðamönnum greiða en aldrei komst sú hugmynd í framkvæmd. Í stað þess varð Hólakot tómthúsbyli og var það lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur árið 1806.¹⁷



Mynd 7. Hólavallatún og Hólavallamylla um 1870. Bærinn Hólakot (Suðurgata 16) er í miðju túni. Húsin meðfram Tjarnabakkanum eru f.v. Aníkuhús (Tjarnagata 12), upphaflega reist 1846, og Brunnhús reist 1835 (Suðurgata 11), því næst smiðja og íbúðarhús Björns Hjaltesteds járnsmiðs (Suðurgata 7). Rétt sér í Guðjohnsenshús (Tjarnagötu 6) lengst til hægri.

4.4 Skólabær (Suðurgata 26)

Vegna hörmunga sem höfðu ríkt (móðuharðindin og bólusótt) var ákveðið með konungsráðgjafi 1785, að flytja biskupssetrið í Skálholti, þ.e.a.s. skólinn og dómkirkjuna, til Reykjavíkur og byggja þar hús undir þau. Melshúsalóð varð fyrir valinu fyrir biskupshúsið en Hólakotslóð fyrir kennarahúsið. Ekkert varð úr byggingu biskupshúsins enda fór svo að biskum sat kyrr í Skálholti.¹⁸

Samsumars 1785 var skólabyggingin hafin. Eftir 18 ára daufa tilveru, var skólinn kominn í svo mikla niðurlægingu, að ákveðið var að flytja hann burtu og til Bessastaða 1805, en sjálft skólahúsið var rífið 1807 og brakið selt á opinberu uppboði, þó var nokkuð af því flutt til Bessastaða, og haft þar til byggingar¹⁹

¹⁷ Páll Línadal, *Reykjavík. sögustaður við Sund 2. bindi, H-P.1987. 53.*

¹⁸ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur, fyrri bindi. 1929, 146.*

¹⁹ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur, fyrri bindi. 1929, 146-50.*

Nokkuð eftir að Hólavallaskóli var rifinn (1807)²⁰ var reistur bær á lóð skólans, Skólabærinn. Var hann á þeim slóðum sem nú er Suðurgata 26. Þar var tvíbýlt og stóð bærinn fram á síðustu öld. Árið 1930 var reist steinhús á lóðinni sem einnig ber nafn Skólabæjar.

4.5 Melshús

Melshús voru ein af hjáleigum Víkur að fornu fari og draga nafn sitt af Melum (Skildinganesmelum). Melshús urðu konungseign um leið og Vík. Bæjarhúsin stóðu þar sem nú er norðurhluti Kirkjugarðsins við Suðurgötu. Árið 1703 var einn ábúandi í Melshúsum. Í lok 18. aldar var ákveðið að leggja Melshús og Hólakot undir biskupssetur og skóla sem þá var ákveðið að flytja frá Skálholti til Reykjavíkur (Suðurgata 20). Minna varð úr byggingum en ætlað var, t.d. varð ekkert úr þeirri ráðagerð að biskupssetrið skyldi rísa í landi Melshúsa. Hinsvegar var grasnytin tekin undan, þannig að Melshús urðu tómthúsbyli. Urðu kotin fimm þegar flest var. Býlið var lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 1806. Síðasti Melshúsabærinn, Hringjarabærinn, mun hafa verið rifinn 1908. Það var bær Bjarna Matthíassonar hringjara við Dómkirkjuna. Árið 1786 bjó Jón Sigurðsson hreppstjóri Seltjarnarnesshrepps í Melshúsum.²¹



Mynd 8. Reykjavík 1836 (hluti myndar). Skólabær til vinstri, Melshús og Melkot í hægra horni. A. Mayer.²²

4.6 Melkot (Tjarnargata 32)


Melkot var á 18. öld byggt úr landi Melshúsa. Bæjarhúsin stóðu þar sem nú mætast efri hluti lóðar Ráðherrabústaðarins við Suðurgötu. Melkot var lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur árið 1806. Um 1860 voru tún Melkots leigð Bernhöft bakara á erfðafestu. Mun það hafa verið í fyrsta skipti sem land í Reykjavík var leigt með þeim hætti en þessi tún voru við suðvestanverða Tjörnina. Melkotsbærinn var rifinn 1915.²³

²⁰ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur, fyrra bindi*. 1929, 150.

²¹ Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund*. 3. bindi, R-Ö, 1988. 99.

²² Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund*. 2. bindi, H-P, 1987. 170.

²³ Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund*. 2. bindi, H-P, 1988. 168-169.



Mynd 9. Ferðamenn við Melkot, Suðurgötumegin. Myndin er tekin um aldarmót 1900. SE.²⁴

4.7 Brunnhús (Suðurgata 11)

Ofarlega í lóðinni, þar sem nú stendur Tjarnarbær, var eitt besta vatnsból Reykjavíkur, stundum kennt við Hólakot. Sumir hafa talið að þetta væri fyrsta vatnsból Reykvíkinga. Um 1837 reisti Þorsteinn Bjarnason þar hús sem var jafnan kennt við vatnsbólið og nefnt Brunnhús.

5 Rannsóknir

Rannsakaðar hafa verið nokkrar lóðir við framkvæmdarsvæðið og er upplýsingar um þær rannsóknir að finna í rannsóknarskýrslum, Suðurgata 3-5 og Aðalstræti 14-18 sjá skýrslu Elsa Nordahl, Reykjavík from the archaeological point of view: Þar er að finna upplýsingar um þessar rannsóknir auk þess mikilvægra sniða beggja vegna Suðurgötu. Í skýrslu H. M. Roberts, Archaeological Excavations at Aðalstræti 14 - 18, frá 2001, er að finna upplýsingar um þá rannsókn auk upplýsinga um snið upp með Túngötu. Í skýrslu eftir Kristínu H. Sigurðadóttur, Fornleifarannsókn á lóðinni Suðugötu 7, er að finna upplýsingar um fornleifar á þeirri lóð. Í grein eftir Þorkel Grímsson og Þorleif Einarsson, Fornminjar í Reykjavík og aldursgreiningar, er að finna upplýsingar um prufuholur í nágrenni við þetta framkvæmdarsvæði.

5.1 Prufuholur vegna framkvæmda.

Gerðar voru fjórar prufuholur vegna þessara framkvæmda. Markmið þeirrar könnunar var að athuga útbreiðslu fornleifa á hluta framkvæmdarsvæðisins, eða frá Melatorgi að Vonarstræti.

Holur 1-3 voru settar niður með það að markmiði að finna þekktar fornleifar en hola 4 var sett niður til að meta dýpt niður á hugsanlegar landnámsminjar sem líklegast er að finna nyrst á svæðinu. Niðurstöður sýna að fornleifar eru í götunni sem taka þarf tillit til við framkvæmdina.


²⁴ Páll Lindal, *Reykjavík, sögustaður við Sund 2. bindi, H-P*, 1987. 169.



Mynd 10. Staðsetning fornleifa og rannsóknarhola við Suðurgötu frá Vónarstræti að Melatorgi.

5.1.1 Hóla 1

Hóla 1 er staðsett í götu austan við kirkjugarð vestan við Tjarngötu 32. Þar var talið líklegt að koma niður á leifar Melkots. Ekki komu mikla upplýsingar úr þeirri hól, mannvistaminjar var þar að finna á 50 cm dýpi (móaska) og hleðslu á 80 cm dýpi, (sjá mynd 2). Búast má við fornleifum á þessu svæði á þessu dýpi sem taka þarf tillit til. Þannig að hægt er að fjarlægja hluta af jarðvegi ofan af, en þegar komið er niður á hleðslur þarf að hreinsa af þeim, teikna og mynda. Ekki er ljóst hversu mikla útbreiðslu þessar minjar hafa.




Mynd 11. Hóla í Suðurgötu að vestan við Kirkjugarðinn, austur- og suðursnið.²⁵

²⁵ Anna Lísu Guðmundsdóttir Sólborg Una Pálsdóttir, Fornleifar í Suðurgötu frá Melatorgi að Vónarstræti. Könnunarholur, vegna framkvæmda í Suðurgötu. 2004.

5.1.2 Hóla 2

Hóla 2 er staðsett sunnar í Suðurgötu að austanverðu á mótis við innkeyrslu milli Suðurgötu 14-16, þar var áætlað að koma niður á Aníkuhús. Komið var niður á hleðslur á um 180 cm dýpi frá malbiksbrún sem hugsanlega tilheyrir þessu húsi. Yfir þessar hleðslu var blandað lag með brotum af múrsteinum og steypu. Í nágrenni þessarar hólur er hugsanlega framkvæmdardýpt 180 cm án þess að skaða fornleifar, (sjá mynd 12).




Mynd 12. Hóla 2 er austur af innkeyrslu að Suðurgötu 14-16, vestursnið.²⁶

5.1.3 Hóla 3

Hóla 3 var staðsett um 25m sunnar eða á mótis við Suðurgötu 15. Búist var við að koma á grunn Brunnhúss. Í holunni komu í ljós steingrunnar af tveimur húsum. Hús 2 á um 60 cm dýpi og er sú steinaröð sem er í vesturkanti holur trúlega vesturgafli þess húss. Í um 90 cm dýpi kom í ljós önnur hleðsla mun fornlegri (hús 1) en sú hleðsla náði inn undir hús 2 og er ekki ljós hvar vesturgafllinn er á því húsi, ekki er búin að fara fram rannsókn á því hvor grunnurinn er af Brunnhúsi. Framkvæmdardýpi er því hugsanlega ekki nema 60 cm á þessu svæði og í næsta nágrenni.

²⁶ Anna Lísu Guðmundsdóttir Sólborg Una Pálsdóttir, Fornleifar í Suðurgötu frá Melatorgi að Vonarstræti. Könnunarholur, vegna framkvæmda í Suðurgötu. 2004.




Mynd 13. Hala 3, austur af Suðurgötu 14-16, vestursnið.²⁷

²⁷ Anna Lísu Guðmundsdóttir Sólborg Una Pálsdóttir, Fornleifar í Suðurgötu frá Melatorgi að Vonarstræti. Könnunarholur, vegna framkvæmda í Suðurgötu. 2004.

5.1.4 Hóla 4

Hóla 4 var staðsett á móts við Suðurgötu 7. Hólan var sett niður með það að leiðarljósi, að athuga dýpi niður á malarkambinn og þar með dýpi á hugsanlegar landnámsminjar. Reynslan sýnir að landnámsminjar er að finna 20-50 cm ofan við malarlagið. Malarlag þetta er forn sjávarkambur og getur dýpið niður á hann verið breytilegt í Kvosinni. Í ljós kom að 240 cm eru niður að þessu lagi, þannig að ef landnámsminjar er hugsanlega að finna þarna í næsta nágrenni eru þær á dýpinu 150-200 cm. Fornleifauppgröftur fór fram á lóðinni Suðurgötu 7 árið 1985 en á þeirri lóð fundust landnámsminjar á um 150 cm dýpi eða 0,30 mys.²⁸


Ekki er vitað hvort landnámsminjar er að finna fyrir framan Suðurgötu 7. Til að skaða ekki hugsanlegar minjar ætti framkvæmdardýpi ekki að fara niður fyrir 150-170 miðað við núverandi yfirborð en undantekning frá þessari reglu er þó á þeim stöðum sem nú þegar hefur verið raskað. Lagnir ætti að leggja í sömu lagnaskuði fyrir framan Suðurgötu 7 og áfram norður. Komi í ljós minjar í áðurgröfnum skurðum verður að rannsaka þær.



Mynd 14. Hóla 4 við Suðurgötu 7, vestursnið.²⁹

²⁸ Kristín Huld Sigurðardóttir, Fornleifarannsóknir á lóðinni Suðurgötu 7 í Reykjavík, 1985.

²⁹ Anna Lísu Guðmundsdóttir Sólborg Una Pálsdóttir, Fornleifar í Suðurgötu frá Melatorgi að Vonarstræti. Könnunarholur, vegna framkvæmda í Suðurgötu. 2004.



Mynd 16. Myndin sýnir staðsetningu skráðra fornleifa á eða við framkvæmdarsvæðið.

7 Fornleifaskrá, hluti af Reykjavík - 181285-5

Reykjavík 5 - 1

Sérheiti: Aðalstræti

Hlutverk: Gata

Tegund: Gata

Aldur: 870-2004

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Aðalstræti er talin elsta gata landsins. Þar sem það liggur nú mun sjávargata Víkurbænda að öllum líkindum hafa legið frá upphafi landnáms í Reykjavík, þ.e. frá bæjarhúsunum sem hafa að flestra álitum verið syðst við Aðalstrætið og niður í Grófina. Við stofnun Innréttinganna um miðja 18. öld verður þessi stígur aðalgata í hinu fyrsta skipulagða þéttbýli landsins”.³⁰

Lýsing

Landnámsminjar er að finna á lóðum 12 - 18 og hafa þær verið rannsakaðar samanber 5-2 og 5-3 en þær minjar ganga undir götuna (sýningarskáli). Gatan hefur verið endurnýjuð að mestum hluta frá Aðalstræti 10 og suður úr og fundust engar landnámsminjar við þá endurnýjun.

Reykjavík 5 - 2

Staður: Aðalstræti 12

Hlutverk: Bústaður

Tegund: heimild, fornleifauppgröftur

Aldur: 874-1900

Ástand: Rannsakað

Staðhættir

Syðst á þessari lóð gróf Bjarni F. Einarsson upp minjar frá landnámsstíma.³¹ Þetta svæði var aftur rannsakað árið 1999 þegar núverandi hús var byggt.³² Auk landnámsminja var að finna leifar af Dúkvafnaðar

húsinu sem var byggt 1754 eða 1755 og var eitt helsta hús Innréttinganna.³³

Reykjavík 5 - 3

Staður: Aðalstræti 14-18

Hlutverk: Bústaður

Tegund: heimild, fornleifauppgröftur

Aldur: 874-1900

Ástand: rannsakað

Staðhættir

Á þessari lóð hafa tvisvar farið fram fornleifauppgræftir. Árið 1971-1975 gróf Else Nordahl á þessum lóðum³⁴ og árið 2001 gróf Fornleifastofnun á þessu svæði.³⁵ Fundust minjar frá landnámsstíma samanber skýrslur um þessar rannsóknir.

Á þessari lóð var reist torfhús á vegum Innréttinganna, svonefnd Voðvefnaðarstofa, sem brann 1764, og var þá reist nýtt hús undir spunastofuna.³⁶

Fornleifakönnun

Leifar bygginga frá 9., 10., 17. og 18. - 19. öld.

Reykjavík 5 - 7

Sérheiti: Ingólfsbrunnur/Víkurbrunnur

Staður: Aðalstræti 9

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur 465

Ástand: Gott

Staðhættir

„Svo má nefna Ingólfsbrunn eða Víkurbrunn, sem var aðalvatnsbólíð”.³⁷

Lýsing

Brunnurinn er uppgerður og sjáanlegur í gangstéttinni.

³⁰ Páll Línal, *Reykjavík. sögustaður við Sund, 1. bindi, A-G*, 1986. 8

³¹ Bjarni F. Einarsson. *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993, Rannsóknarsaga, endurnám og landnám*. 1995.

³² Bjarni F. Einarsson. *Könnun á mannvistarlöögum meðfram lóð Aðalstrætis 12*. 1999.

³³ Hrefna Róbertsdóttir, „Duchmaguer Fabrique huus 1753-1818. Frá Árbæjarsafni” *Lesbók Morgublaðsins* 20. desember 1993.

³⁴ Else Nordahl. *Reykjavík from the archaeological point of view, Societas Archaeologica Upsaliensis*. 1988.

³⁵ H. M. Roberts, *Archaeological Excavations at Aðalstræti 14-16*, 2001.

³⁶ Páll Línal, *Reykjavík sögustaður við Sund 1. bindi A-G*. 1986, 16.

³⁷ Örnefnaskrá fyrir Reykjavík og Seltjarnarnes, 12.

Reykjavík 5-17

Sérheiti: Hús forstjórans
Staður: Aðalstræti 9
Hlutverk: Timburhús
Tegund: Heimild
Aldur: 1756
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðhættir
Árið 1756-1757 var hús forstjóra
Innréttinganna reist á þessari lóð.³⁸

Reykjavík 5-18

Staður: Aðalstræti 10
Sérheiti: Dúkvefnaðarstofa
Hlutverk: Iðnaðarbygging
Tegund: Heimild
Aldur: 1755-1764
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Um miðja 18. öld var reist á þessum
stað dúkvefnaðarstofa Innréttinganna
en hún brann 1764.³⁹

Reykjavík 5-19

Sérheiti: Kirkjugarðurinn við
Aðalstræti, Fógetagarður, Víkurgarður
Staður: Á horni Aðalstrætis og
Kirkjustrætis
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Kirkjugarður
Ástand: Slæmt
Staðhættir
Kirkjugarðurinn er á horni Aðalstrætis
og Kirkjustrætis og er hann
hellulagður. Einu merkin um að þarna
hafi verið kirkjugarður eru
minnismerkin. Trúlega hefur verið
grafið í garðinn frá upphafi kristni til
1838. Um 1800 var farið að kvarta
verulega undan því að kirkjugarðurinn
væri orðinn of lítill en það dróst til
1838 að nýr kirkjugarður væri tekinn í
notkun. Eftir það var lítið grafið í
gamla kirkjugarðinum. Nokkrir þekktir
einstaklingar hvíla í þessum garði.

Árið 1883 fékk H.J.G Schierbeck
landlæknir umráð yfir kirkjugarðinum í
því skyni að gera þar skrudgarð.⁴⁰

Reykjavík 5 - 20

Sérheiti: Víkurkirkja
Staður: Á horni Aðalstrætis og
Kirkjustrætis
Hlutverk: Kirkja
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Kirkja hefur lengi verið í Reykjavík, en
elstu heimildir um kirkjuna er að finna
í kirknatali Páls Jónssonar frá um
1200. Víkurkirkja var helguð
Jóhannesi postula og virðist lengstum
hafa verið snauð að jarðeignum og
gripum. Víkurkirkja hefur verið
torfkirkja og mun hún hafa staðið í
kirkjugarðinum miðjum og snúið
aðaldyrum í vestur að hefðbundnum
hætti. Þegar grafið var fyrir stöplinum
undir minnismerki Skúla Magnússonar
kom í ljós grjóthleðsla og mótaði fyrir
dyrum sem sneru til suðurs en telja
verður nokkuð öruggt að hér hafi verið
um hliðardyr að ræða. Síðustu
kirkjuna, sem reist var frá grunni, lét
Brandur Bjarnhéðinsson bóndi í Vík,
reisa 1724. Þessi kirkja var torfkirkja.
Árið 1770 var hún endurbyggð að
nokkru úr timbri. Var þá gerður stöpull
fyrir framan bygginguna með turni upp
af. Þessi kirkja varð dómkirkja landsins
þegar biskupstóll var fluttur frá
Skálholti en þótti heldur lítilfjörleg til
slíks hlutverks og var því ráðist í
byggingu Dómkirkjunnar sem var vígð
1796. Víkurkirkja var rifin 1798 og
sléttað yfir grunninn.⁴¹
Lýsing: Garðurinn var 36 x 29 m sjá
kort af kaupstaðarlóðinni 1787 eftir R.
Lievog.⁴²

⁴⁰ Páll Línadal, *Reykjavík sögustaður við Sund*, 2. bindi, H-P, 1987, 87

⁴¹ Páll Línadal, *Reykjavík sögustaður við Sund*, 2. bindi H-P, 1987, 86.

⁴² R. Lievog, *Kaupstaðarlóðin 1787. Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

³⁸ Páll Línadal, *Reykjavík sögustaður við Sund*, 1. bindi, A-G. 1991, 12.

³⁹ Páll Línadal, *Reykjavík sögustaður við Sund*, 1. bindi, A-G. 1991, 14.

Reykjavík 5- 21

Sérheiti: Dúkvefnaðarstofa
Staður: Aðalstræti 12
Hlutverk: Iðnaðarbygging
Tegund: Heimild
Aldur: 1755
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Staðhættir
Þarna var um miðja 18. öld reist bindingsverkshús, Dúkvefnaðarstofa Innrétinganna, en það var rífið 1810.⁴³

Reykjavík 5- 23

Staður: Aðalstræti 16
Sérheiti: Lóskurðarstofa
Hlutverk: Iðnaðarbygging
Tegund: Heimild
Ástand: Rannsað
Staðhættir
Á þessari lóð er hluti landnámskála sem Fornleifastofnun Íslands gróf árið 2001. Á þessari lóð var reist Lóskurðarstofa Innrétinganna.⁴⁴

Reykjavík 5-27

Staður: Aðalstræti 12
Hlutverk: Torfbær
Tegund: Heimild, fornleifakönnun
Ástand: Rannsað
Fornleifakönnun
Lóð þessi var könnuð með fornleifauppgreftri árið 1993 og aftur 1999. Á lóðinni við Aðalstræti 12 hafa minnst fjögur hús staðið í aldanna rás. Fyrsta var reist þar á 10. öld eða jafnvel 9. öld, síðan var reist þar hús í byrjun miðalda, hugsanlega um 1100. Á miðri 18. öld var hús reist á lóðinni, sem þjónaði Innrétingunum í fyrstu. Hús þetta var rífið 1810. Síðasta húsið sem stóð á lóðinni var reist árið 1889 og stóð það þar til að það brann 1977.⁴⁵

⁴³ Páll LINDAL, *Reykjavík sögustaður við Sund, 1. bindi*, A-G, 1991, 16.

⁴⁴ Páll LINDAL, *Reykjavík. Sögustaður við Sund, 1. bindi*, A-G, 1991, 17.

⁴⁵ Bjarni F. Einarsson 1995. *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993, Rannsóknarsaga, endurmat og landnám*. Skýrslur Árbæjarsafns XLIX.

Reykjavík-5 - 28

Staður: Suðurgata 3-5
Hlutverk: Torfbær
Tegund: Heimild-fornleifakönnun
Ástand: Rannsað
Staðhættir
Lóðir þessar voru kannaðar með fornleifauppgreftri árin 1971-1975.
Lýsing
Leifar mannvirkja frá landnámsöld og miðöldum, allar eldri en 1500.
Fornleifakönnun
Á uppgriftarsvæðinu eru leifar sjö bygginga. Elstur er skálinn með landnámsgjósku í torfveggjum. Austan við skálabygginguna var lítið hús sem var túlkað sem smiðja. Öll húsin eru eldri en Katla 1500, sjá uppgriftarskýrslu Elsu Nordahl.⁴⁶

Reykjavík 5 - 30

Staður: Tjarnargata 4
Hlutverk: Bær
Tegund: Heimild, fornleifakönnun
Ástand: Ómetið
Horfin: já
Fornleifakönnun
Mannvistarminjar fundust við gröft árið 1944 þegar grafið var fyrir húsi Steindórsprent.
„Vorið 1944 fundust mannvistaleifar að Tjarnargötu 4, þegar þar var grafinn grunnur. Ekki var efnt til fornleifauppgraftar, en svo fór að nokkuð var skráð, safnað var ýmsum lausum minjum og sýni tekin. Önnuðust þetta náttúrufræðingar og þjóðminjavörður, sem þá var Matthías Þórðarson. Skrifaði Matthías grein um síðustu byggðina og fundi fornleifa í hátíðarblað *Vikunnar* 15. júní 1944. Stuðst mun við þá grein hérna,” sjá framhald Þorkell Grímsson.⁴⁷

⁴⁶ Elsa Nordahl, *Reykjavík from the archaeological point of view*, *Societas Archaeologica Upsaliensis*. 1988.

⁴⁷ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur*. Reykvískar fornleifar, 62.

Reykjavík 5 - 31

Sérheiti: Brúnsbær
Staður: Tjarnargata 4
Hlutverk: Torfhús
Tegund: Heimild
Aldur: 1753- 1834 -1854
Ástand: Ómetið

Horfin: já
Staðhættir
Brúnsbær var torfbær sem stóð sunnarlega í kaupstaðnum, ekki langt frá Tjörninni og skammt frá suðurhlið kirkjugarðsins. Sneri það frá norðri til suðurs. Það er sagt vera 20 álnir á lengd í skjali frá 1791. Auðkennt á uppdrætti Lievogs með bókstaf U. Stutt lýsing á dönsku finnst á húsinu í skoðunargerð um eignir stofnananna frá árinu 1759. Var þá Brúnsbær bústaður beykis við Innréttingarnar. Húsið er sagt hluti hins gamla Reykjavíkurbæjar, var það með fjögurra stafgólfa, og forskála. Lýst er í sömu grein skoðunargerðarinnar tveimur beykisverkstæðum. Bæði eru þriggja stafgólfa. Þegar konungur gefur hinu nýstofnaða hlutafélagi Innréttingana jörðina Reykjavík 1752, bjuggu á aðalbolinu tveir leiguliðar, Jón Oddsson Hjaltalín, sýslumaður, og Þorkell Þórðarson, lögréttumaður. Eru þeir síðustu bændurnir. Jón hætti búskap árið 1752, en Þorkell ári seinna. Brúnsbær dregur nafn sitt af því að Sigvard Bruun, danskur maður sem var bústjóri við fangelsið að Arnarhóli, átti um skeið heima í bænum. Eftir hans dag hafði þar aðsetur Kristine Bruun, ekkja hans. Þessi gamla bygging mun hafa verið rifin árið 1834. Það gerði Hannes Erlendsson á Mel. Hannes reisti síðan hús á sama stað úr timbrinu og sneri það eins og gamli Brúnsbærinn. Yngri Brúnsbærinn var rifinn 1944. Gamli Brúnsbær bar mjög fornleg einkenni að því leiti, að gólf var þar niðurgrafið mjög. Sigurður Guðmundsson hefur skráð ummæli Hannesar Erlendssonar um þetta í minnisgreinum. Var svo lágt gólf í

bænum að niður í hann varð að ganga tvö til þrjú þrep.”⁴⁸
Mannvistaminjar fundust við gröft 1944 þegar grafið var fyrir húsi Steindórsprents.

Reykjavík 5- 32

Staður: Tjarnargata 4
Hlutverk: Búr, Torfhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: já
Staðhættir
Talið er að öll húsin í þyrpingunni hjá Brúnsbæ (5-31) séu torfhús,⁴⁹ og flest þeirra, ef ekki öll, kunna að hafa tilheyrt hinum gamla bæ í Reykjavík. Sem lá í beini röð frá norðri til suðurs og var Brúnsbær þar nokkur veginn hjá miðju. Fyrsta húsið norðan hans var líklega búr.⁵⁰

Reykjavík 5 - 33

Staður: Tjarnargata 2
Hlutverk: Torfhús, Eldhús, Litunarhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: já
Staðhættir
Brúnsbær (5-31), torfbær stóð sunnarlega í kaupstaðnum, það er auðkennt á uppdrætti Lievogs með bókstaf U.⁵¹ Húsið næst norðan hans er líklega búr (5-32). Enn norðar liggur, að því er virðist, litunarhús Innréttinganna, en það var flutt til Reykjavíkur frá Elliðaánum um 1760. Á stæði þess mun áður hafa verið eldhús.⁵²

⁴⁸ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur*. Reykvískar fornleifar, 57-58.

⁴⁹ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986*.

⁵⁰ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur*. Reykvískar fornleifar, 58.

⁵¹ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986*.

⁵² Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur*. Reykvískar fornleifar, 58.

Reykjavík 5 - 34

Staður: Tjarnargata 2

Hlutverk: Torfhús, Geymsla,

Karlaskáli

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: já

Staðhættir

Brúnsbær (5-31) torfbær sem stóð sunnarlega í kaupstaðnum, það er auðkennt á uppdrætti Lievogs með bókstaf U.⁵³ „Húsið næst norðan hans er líklega búr (5-32). Enn norðar liggur, að því er virðist litunarhús Innréttinganna (5-33), en það var flutt til Reykjavíkur frá Elliðaánum um 1760. Á staði þess mun áður hafa verið eldhús. Nyrst í röðinni er líklega mógeymsla, og kann áður að hafa verið karlaskáli.”⁵⁴

Reykjavík 5 - 35

Staður: Tjarnargata 2

Hlutverk: Torfhús, Kvennavekstaði

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Brúnsbær (5-31) torfbær sem stóð sunnarlega í kaupstaðnum. Það er auðkennt á uppdrætti Lievogs með bókstaf U.⁵⁵ „Húsið næst norðan hans er líklega búr (5-32). Enn norðar liggur, að því er virðist litunarhús innréttinganna (5-33), en það var flutt til Reykjavíkur frá Elliðaánum um 1760. Á staði þess mun áður hafa verið eldhús. Nyrst í röðinni er líklega mógeymsla (5-34), og kann áður að hafa verið karlaskáli. Hús eitt tengdist röðinni vestan megin. Virðist mega halda að það hafi verið hífýli kvenna og kvennavekstaði”.⁵⁶

⁵³ R. Lievog, Kaupstaðarlóðinn 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

⁵⁴ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur.* Reykvískar fornleifar, 58.

⁵⁵ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

⁵⁶ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur.* Reykvískar fornleifar, 58.

Reykjavík 5 - 36

Staður: Suðurgata 7

Hlutverk: Útihús?

Tegund: Heimild, fornleifakönnun

Ástand: Rannsakað

Staðhættir

Mannvistarminjar fundust við fornleifakönnun 1983. Minjar frá 19. öld og húshluti frá 10. öld.⁵⁷

Reykjavík 5 - 37

Staður: Tjarnagata 2

Hlutverk: Veggur, mannvistarminjar

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Nei

Staðhættir

Mannvistaminjar fundust við gatnaframkvæmdir 1992 í planinu fyrir framan Herkatalann. Í skurði sáust torfveggur með landnámslagi.

Reykjavík 5 - 38

Staður: Tjarnagata 6

Hlutverk: Torfhús, Beykisverkstaði

Tegund: Heimild

Aldur: 1787

Lengd: 8 m

Breidd: 6 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Þrjú hús, ekki stór, eru sunnan Brúnsbæjar á korti Lievogs.⁵⁸ Tvö hin nyrðri munu vera beykisverkstaði (5-38 og 5-39), en syðsta er sennilega hesthús (5-40). Framan við hús þessi er heygarður (5-41).⁵⁹

Hús þetta mun hafa staðið þar sem nú eru bílastaði Tjarnargötu 6 eða þar út í götu.

Reykjavík 5 - 39

Staður: Tjarnargata 6

Sérheiti: Beykisverkstaði

⁵⁷ Kristín H. Sigurðardóttir. 1985 Fornleifarannsóknir á lóðinni Suðurgötu 7 í Reykjavík. 57.

⁵⁸ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

⁵⁹ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur.* Reykvískar fornleifar, 58.

Hlutverk: Torfhús, Beykisverkstæði
Tegund: Heimild
Aldur: 1787
Lengd: 8 m
Breidd: 6 m
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Þrjú hús, ekki stór, eru sunnan Brúnsbæjar á korti Lievogs.⁶⁰ Tvö hin nyrðri munu vera beykisverkstæði (5-38 og 5-39), en syðsta er sennilega hesthús (5-40). Framan við hús þessi er heygarður (5-41).⁶¹ Hús þetta mun hafa staðið þar sem nú eru bílastæði Tjarnargötu 6 eða þar út í götu.

Reykjavík 5 - 40

Staður: Tjarnargata 8
Hlutverk: Torfhús, Hesthús
Tegund: Heimild
Aldur: 1787
Lengd: 6 m
Breidd: 6 m
Ástand: Ómetið
Horfin: já
Staðhættir
Þrjú hús, ekki stór, eru sunnan Brúnsbæjar á korti Lievogs.⁶² Tvö hin nyrðri munu vera beykisverkstæði (5-38 og 5-39), en syðsta er sennilega hesthús (5-40). Framan við þessi hús er heygarður (5-41). Hesthús þetta hefur verið þar sem nú er bílastæði við Tjarnargötu 8 eða austan í götunni þar.
Lýsing
Húsið hefur verið um 6 x 6m og snúið norður suður.

Reykjavík 5- 41

Staður: Tjarnargata 5
Hlutverk: Heygarður
Tegund: Heimild
Aldur: 1787
Lengd: 13 m

⁶⁰ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

⁶¹ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur.* Reykvískar fornleifar, 58.

⁶² R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

Breidd: 12 m
Ástand: Ómetið
Horfin: já
Staðhættir
Austan megin við Tjarnargötu mun hafa verið heygarður á korti Lievogs.⁶³ Heygarður þessi hefur verið þar sem nú er bílastæði vestan við Vonarstræti 12.
Lýsing
Garðurinn hefur verið um 13 x 12m.

Reykjavík 5- 42

Staður: Tjarnargata 10
Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild
Aldur: 1787
Lengd: 16 m
Breidd: 28 m
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Garður við Tjarnarbakkann á korti Lievogs.⁶⁴ Garður þessi hefur verið austan við Kirkjustræti 10 þar sem nú er gata.
Lýsing
Garðurinn hefur verið um 16 x 28 m.

Reykjavík 5 - 43

Staður: Kirkjustræti 4
Hlutverk: Torfhús, Smiðja
Tegund: Heimild
Aldur: 1787
Ástand: Ómetið
Horfin: já
Staðhættir
Næst kirkjugarði og austan raðar á korti Lievogs⁶⁵ stendur lítið hús sem telst vera gömul smiðja. Sunnan þess í Tjarnarkróknum má sjá tvö önnur hús, einnig smá, en þetta munu hafa verið híbýli vefarasveina (5-44) og kaðlara (5-45).⁶⁶

⁶³ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

⁶⁴ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

⁶⁵ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurkort. Dagatal 1986.*

⁶⁶ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur.* Reykvískar fornleifar, 58.

Reykjavík 5 - 44

Staður: Tjarnagata 3
Hlutverk: Torfhús, hýbýli vefara
Tegund: Heimild
Aldur: 1787
Ástand: Ómetið

Horfin: já
Staðhættir

Á korti Lievogs er næst kirkjugarði og austan raðar lítið hús sem telst vera gömul smiðja (5-43),⁶⁷ en sunnan þess í Tjarnarkróknum, má sjá tvö önnur hús, einnig smá en þetta munu hafa verið hýbýli vefarasveina (5-44) og kaðlara (5-45).⁶⁸

Reykjavík 5 - 45

Staður Tjarnargata 3
Hlutverk: Torfhús, hýbýli kaðlara
Tegund: Heimild
Aldur: 1787
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Á korti Lievogs er næst kirkjugarði og austan raðar lítið hús sem telst vera gömul smiðja,⁶⁹ og sunnan þess í Tjarnarkróknum, má sjá tvö önnur hús, einnig smá, en þetta munu vera hýbýli vefarasveina (5-44) og kaðlara (5-45).⁷⁰

Reykjavík 5 - 46

Staður: Kirkjustræti 8
Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild
Aldur: 1787
Lengd: 24 m
Breidd: 32 m
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Garður milli Tjarnarbakkans og kirkjugarðs á korti Lievogs.⁷¹ Garður

⁶⁷ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986.*

⁶⁸ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur.* Reykvískar fornleifar, 58.

⁶⁹ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986.*

⁷⁰ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur.* Reykvískar fornleifar, 58.

⁷¹ R. Lievog, Kaupstaðarlóðin 1787. *Reykjavíkurlort. Dagatal 1986.*

þessi tengist smiðju (5-43). Garðurinn var þar sem nú er Kirkjustræti frá Tjarnargötu að Kirkjustræti 8.

Lýsing

Garðurinn var þríhyrndur út frá smiðju og hefur verið um 24 x 32m.

Reykjavík 5 - 47

Staður: Tjarnargata 3a
Hlutverk: Öskuhaugur, lokræsi
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Horfin: já
Staðhættir

„Mannvistaminjar fundust 1904 þegar grafið var fyrir grunni Tjarnargötu 3 en það var timburhús með alldjúpan steinkjallara. Var grafið þar niður á öskuhaug sem náði yfir nær hálfan grunn til austurs að norðanverðu, en undir var mól. Við gröftinn fundu menn lokræsi, hlaðið úr torfi og grjóti, og settar hellur yfir. Sást, að það stefndi frá norðvestri til suðausturs og endaði í sorpgryfju, sem einnig var hlaðin úr torfi og grjóti, mosi sem var grænn, var á torfi þessu. Innsigli úr tini, fornfálegt fannst í jörðu við gröftinn. Er það skráð í safnskrá Þjóðminjasafnsins 12. nóvember 1904.”⁷²

Reykjavík 5 - 48

Staður Suðurgata 3
Hlutverk: Ræsi
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Horfin: já
Staðhættir

„Djúpur kjallari var byggður að húsabaki Suðurgötu 3 árið 1943. Hefur annar eigandi hússins Kristþór Alexandersson tjáð mér, að grafið hafi verið fyrir honum meira en 2 m niður. Þar sem botn var, komu menn niður á ræsi hlaðið úr steinum, sem lá frá austri til vesturs. Stór rostungstönn fannst í

⁷² Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur.* Reykvískar fornleifar, 67.

grunninum, geymdi Kristþór hana lengi, en fargaði svo. Við ræsið, sagði hann, var mjög maukkendur jarðvegur, dökkur á lit, en þefur af, sem minnti helst á kúamykju.”⁷³

Reykjavík 5 - 53

Sérheiti: Melkotshola

Staður Tjarnargata 32

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Aldur: 1902

Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Hafstein ráðherra lét gera sæmilegt vatnsból úr Melkotsholu, eftir að hann var fluttur í hið myndarlega hús sitt við Tjarnargötu.”⁷⁴ Melkotshola var við Melkot á þeim slóðum sem Ráðherra-bústaðurinn er nú, Tjarnargata 32.⁷⁵

Reykjavík 5 - 55

Sérheiti: Suðurgata

Hlutverk: Gata

Tegund: Vegur

Aldur: 1787

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Suðurgata liggur frá Túngötu og suður að Skerjafirði. Hún er vafalítið meðal elstu gatna Reykjavíkur. Ætla má að jafnvel frá fyrstu öldum byggðar í Reykjavík hafi legið stígur á þessum slóðum suður í Vatnsmýrina sem var mjög nytjuð. Einnig hefur þarna legið leið suður í Skildinganes og gæti nafnið verið dregið af því.

Bessastaðamenn munu jafnan hafa farið þá leið því þeir stytta sér leið yfir Skerjafjörð, enda landleiðin torfær, yfir úfið hraun að fara og læki sem skyndilega gátu vaxið mjög.

Um stíginn hefur einnig verið leið að Hólakoti, sem var nokkru ofan við

Suðurgötu 16, Melshúsum, sem stóðu fyrir ofan veginn þar sem nú er kirkjugarður, Melkot, sem var fyrir neðan veginn við enda Tjarnarbrennkunnar, og að Hólavallarskóla. Eftir að farið var að jarðsetja í kirkjugarðinum við Suðurgötu, um 1840, var tekið að kalla stíginn Kirkjugarðstíg, Kirkjugarðsstræti eða Kærlighedsstíg í gamni vegna gönguferða ungs fólks um stíginn. Var þá fljótlega farið að laga veginn. Ekki skal fullyrt hvenær Suðurgötunafnið var tekið upp en það hefur varla verið fyrr en líða tók að aldamótum. Suðurgata var einnig nefnd Líkhúsastígur.⁷⁶ Þegar kaupstaðarlóðin er mæld upp og teiknuð 1787 er Suðurgatan merkt inn sem vegur og náði hann aðeins suður fyrir Melkot.⁷⁷

Á korti Sveins Sveinssonar frá 1887 er Suðurgata orðin breiður vegur frá Túngötu að Glímuvelli, sem var það sem nú er Þjóðabókhláðan.⁷⁸

Reykjavík 5 - 56

Sérheiti: Melshús

Hlutverk: Hjáleiga

Tegund: Heimild

Aldur: 1703-1905

Lengd: 10 m

Breidd: 10 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já 1905

Staðhættir

Melshús var fjórða hjáleiga Víkur samkvæmt Jarðabókinni, en þar segir: „Jarðardýrleiki er óviss. Ábúandinn Ólafur Jónsson. Landsskuld lx álnir. Betalast með iði vættum fiska í kaupstað í reikning heimabóndans. Við til húsbóta leggur ábúandi.

Leigukúgildi i. Leigur betalast í smjöri til heimabóndans. Kúgildið uppýngir

⁷³ Þorkell Grímsson 1974. *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur*. Reykvískar fornleifar, 67.

⁷⁴ Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg: nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. 1952. 74.

⁷⁵ Einar S. Arnalds, *Reykjavík, sögustaður við Sund*, 4. bindi, 1989, 69.

⁷⁶ Páll Línadal: Reykjavík, sögustaður við Sund. 3. bindi, R-Ö. 1988, 94-95.

⁷⁷ R. Lievog, *Kaupstaðarlóðin 1787. Reykjavíkurkort. Dagatal 1986*.

⁷⁸ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

heimabóndinn. Kvaðir um mannlán árið um kring, gelst in natura. Dagsláttur einn. Að styrkja til flutninga þá Bessastaðamenn kalla. Að styrkja til fálkaburðar. Kvikfénaður i kýr leigukúgildið og önnur, sem hann lætur nytka, i kálfur, i hestur. Fóðrast hann ii kýr. Heimilismenn vi. Eldiviðartaka af móskurð í heimalandi. Skipaútgjörð má ábúandinn hafa sem hann megnar”.⁷⁹

Melshús draga nafn sitt af Melum (Skildingarnesmelum). Melshús urðu konungseign um leið og Vík. Bæjarhúsin stóðu þar sem nú er norðurhluti Kirkjugarðsins við Suðurgötu. Árið 1703 var einn ábúandi í Melshúsum.

Árið 1785 var ákveðið að leggja Melshús og Hólakot undir biskupssetur og skóla sem þá var ákveðið að flytja frá Skálholti til Reykjavíkur (Suðurgata 20). Minna varð úr byggingum en ætlað var, t.d. varð ekkert úr þeirri ráðgerð að biskupssetrið skyldi rísa í landi Melshúsa.

Hins vegar var grasnytin tekin undan, þannig að Melshús urðu tómthúsbyli. Urðu kotin fimm þegar flest var. Býlið var lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 1806. Síðasti Melshúsabærinn, Hringjarabærinn, mun hafa verið rifinn 1908. Það var bær Bjarna Matthíassonar hringjara við Dómkirkjuna. Árið 1786 bjó Jón Sigurðsson hreppstjóri Seltjarnarnes-hrepps í Melshúsum.⁸⁰

Melshús var þar sem nú er norðausturendi kirkjugarðsins við Suðurgötu. Þegar garðurinn var stækkaður í norður voru Melshús rifin 29. ágúst til 5. sept. 1905.⁸¹ Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn stór tveggja bursta bær á miðri lóð

Melshúsa.⁸² Nú er þarna lóð kirkjugarðsins.⁸³

Lýsing

Horfin 1905 en bæjarstæðið samanstóð af sjö húsum 1887. Aðalbæjarhúsið hefur verið um 10 x 10 m, tveggja bursta bær samkvæmt korti Sveins Sveinssonar.⁸⁴

Reykjavík 5 - 57

Sérheiti: Melshús

Hlutverk: Torfbær

Tegund: Heimild

Aldur: 1887-1905

Lengd: 8 m

Breidd: 8 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já 1905

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn tveggja bursta bær neðst og austast á lóð Melshúsa.⁸⁵ Nú er þarna lóð kirkjugarðsins.

Lýsing

Húsið var 8 x 8 m úr torfi, rifið 1905.⁸⁶

Reykjavík 5 - 58

Sérheiti: Melshús

Hlutverk: Timburhús

Tegund: Heimild

Aldur: 1887-1905

Lengd: 5 m

Breidd: 3 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já 1905

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar er merkt inn hús sem stóð nyrst á lóð Melshúsa.⁸⁷ Nú er þarna lóð kirkjugarðsins.

⁷⁹ Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. bindi*. 1982. 264-265.

⁸⁰ Páll Lindal: Reykjavík, sögustaður við Sund. 3. bindi, R-Ö. 1988, 99.

⁸¹ Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*, 1988, 145.

⁸² Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

⁸⁴ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

⁸⁵ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

⁸⁶ Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*, 1988, 145.

⁸⁷ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

Lýsing
Húsið var 6 x 3 m úr timbri samkvæmt ljósmynd af bænum, rífið 1905.⁸⁸

Reykjavík 5 - 59

Sérheiti: Melshús
Hlutverk: Timburhús
Tegund: Heimild
Aldur: 1887-1905
Lengd: 6 m
Breidd: 3 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já 1905
Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar er merkt inn hús sem stóð nyrst á lóð Melshúsa vestan við (5-58).⁸⁹ Nú er þarna lóð kirkjugarðsins.

Lýsing
Húsið var 6 x 3 m úr timbri samkvæmt ljósmynd af bænum, rífið 1905.⁹⁰

Reykjavík 5 - 60

Sérheiti: Melshús
Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild
Aldur: 1887-1905
Lengd: 2 m
Breidd: 3 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já 1905
Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar eru merktir tveir hjallar sem stóðu vestast á lóð Melshúsa vestan við (5-61).⁹¹ Nú er þarna lóð kirkjugarðsins.

Lýsing
Hjallurinn var 2 x 3 m, rífið 1905.⁹²

Reykjavík 5 - 61

Sérheiti: Melshús
Hlutverk: Timburhús

Tegund: Heimild
Aldur: 1887-1905
Lengd: 4 m

Breidd: 4 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já 1905

Staðhættir
Á korti Sveins Sveinssonar er merkt inn hús sem stóð vestan við aðal-bæjarhúsið á lóð Melshúsa (5-55).⁹³ Nú er þarna lóð kirkjugarðsins.

Lýsing
Húsið var 4 x 4 m og trúlega úr timbri, rífið 1905.⁹⁴

Reykjavík 5 - 62

Sérheiti: Melshús
Hlutverk: Hjallur
Tegund: Heimild
Aldur: 1887-1905
Lengd: 2 m
Breidd: 3 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já 1905
Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar eru merktir tveir hjallar sem stóðu vestast á lóð Melshúsa vestan við (5-61).⁹⁵ Nú er þarna lóð kirkjugarðsins.

Lýsing
Hjallurinn var 2 x 3 m, rífið 1905.⁹⁶

Reykjavík 5 - 63

Sérheiti: Hólavallagarður
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Kirkjugarður
Aldur: 1838-2004
Lengd: 237 m
Breidd: 140 m
Ástand: Gott
Horfin: Nei
Friðlýst: Já hverfisvernd, árið 2002
Staðhættir

⁸⁸ Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*, 1988, 145.

⁸⁹ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

⁹⁰ Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*, 1988, 145.

⁹¹ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

⁹² Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*, 1988, 145.

⁹³ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

⁹⁴ Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*, 1988, 145.

⁹⁵ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

⁹⁶ Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*, 1988, 145.

Þegar elsti kirkjugarður Reykjavíkur við Aðalstræti var talinn fullnýttur um 1800, var nýjum garði valinn staður á Melunum fyrir sunnan Melshús og hann tekinn í notkun 1838.

„Eftir að garðurinn var tekinn í notkun upphaflega, var grjót og torfveggjum hlaðið upp að sunnan, vestan og norðan, en að austan var reist tré-girðing, eins og má sjá á elstu ljósmyndum af garðinum. Á þremur áratugum var fullgrafið það svæði sem upphaflega var mælt út fyrir garðinn. Hann var þá stækkaður sunnan megin árin 1869 og entist sú viðbót til ársins 1901. Árið 1901 var ákveðið að stækka garðinn til norðurs og voru þá hin fornu Melshús tekin undir garðinn. Flytja þurfti mold að og fjarlægja gamla grjótvegginn, sem áður afmarkaði garðinn til norðurs. Árið 1905 var múraður upp veggur, sem enn stendur við Kirkjugarðsstíg. Að austan tók Kund Zimsen að sér umsjón með byggingu steinveggjar að austurhlið kirkjugarðsins, laga og hreinsa Suðurgötu og gjöra gangstíg fyrir innan kirkjugarðsvegginn. Er svo að sjá að Suðurgatan hafi verið nokkuð breikkuð á kostnað garðsins.”⁹⁷ Garðurinn er stækkaður til suðurs 1869, til norðurs 1905 og bæjarstæði Melshúsa tekið undir garðinn, til vesturs 1918-20 og 1923-26, og að lokum aftur til suðurs 1927-30. Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn kirkjugarðurinn eins og hann var árið 1887 og lóð hans afmörkuð.⁹⁸

Reykjavík 5 - 64

Sérheiti: Líkhúsið
Staður: Í Hólavallagarði
Hlutverk: Kirkja
Tegund: Hleðsla
Aldur: 1838-1950
Lengd: 7,5 m

⁹⁷ Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*. 144-145 (úr Þ. Í. kirknasafn. VII,6.L.2.).

⁹⁸ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

Breidd: 7,5 m
Ástand: lélegt
Horfin: Já
Staðhættir
Líkhúsið var reist í kirkjugarðinum 1838. Það var vígt en kórinn snéri í vestur og dyrnar í austur að Suðurgötu. Árið 1847-48 var líkhúsið eina kirkjan í Reykjavík, en auk þess var það notað sem líkhús og þar fóru einnig fram krufningar. Húsið var úr timbri en var illa haldið við. Árið 1950 var ákveðið að rífa húsið og reisa klukknaport á grunni hússins. Húsið var ekki rífið heldur flutt að nýja kirkjugarðinum í Fossvogi og byggður þar við það skúr, það var þar notað undir líkkistusmiði, kistulagningar og sem líkgeymsla.⁹⁹ Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn grunnur líkhússins.¹⁰⁰

Lýsing
Húsið var 7.5 - 7.5 m stórt, og klukknaportið stendur á grunni Líkhússins.

Reykjavík 5 - 65

Sérheiti: Skothús
Staður: Suðurgata 32
Hlutverk: Íþróttamannvirki
Tegund: Heimild
Aldur: 1887-1930
Lengd: 7 m
Breidd: 5 m
Horfin: Já
Staðhættir
Fyrsta íþróttafélag í Reykjavík var Skotfélag Reykjavíkur sem stofnað var 1867. Einhverjar skotæfingar voru þó stundaðar fyrr. Félagið reisti æfingahús sem formlega hét „Reykjavígs Skydeforenings Pavillon” í daglegu tali nefnt Skothúsið, beint austur af því var skotvarðan á litlum tanga út í Tjörninni (5-67). Skothúsið hefur líklega verið rífið 1930. Við húsið er kenndur

⁹⁹ Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*. 175-180.

¹⁰⁰ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

Skothúsvegur.¹⁰¹ Á korti Sveins Sveinssonar eru merktur inn grunnur Skothússins.¹⁰² Það var þar sem nú er bílskúr á lóð Suðurgötu 32.

Lýsing

Húsið var 7 x 5 m.¹⁰³

Reykjavík 5 - 69

Sérheiti: Skólábær

Hlutverk: Hús

Staður: Suðurgata 26

Tegund: Heimild

Aldur: 1887

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Horfin: Já

Staðhættir

Á korti Sveins Sveinssonar er merkt inn hús vestast á Skólábæjarlóðinni við Suðurgötu.¹⁰⁴ Nú er þetta lóð

Suðurgötu 26.

Lýsing

Húsið var 5 x 5m.¹⁰⁵

Reykjavík 5- 70

Sérheiti: Skólábær

Staður: Suðurgata 26a

Hlutverk: Torfbær

Tegund: Heimild

Aldur: 1807-1900

Lengd: 7 m

Breidd: 15 m

Horfin: Já

Staðhættir

Nokkuð eftir að Hólavallaskóli var rifinn (1807) var reistur bær á lóð skólans, Skólábærin. Var hann á þeim slóðum sem nú er Suðurgata 26 a. Þar var tvíþýlt og stóð bærinn fram undir 1900.¹⁰⁶ Árið 1930 var reist steinhús á

lóðinni sem einnig ber nafn

Skólábæjar.¹⁰⁷

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn þriggja bursta torfbær vestast á Skólábæjarlóðinni við Suðurgötu.¹⁰⁸

Nú er þetta lóð Suðurgötu 26a.

Lýsing

Torfhúsið var 7 x 15 m. og snéri vestur austur.¹⁰⁹

Reykjavík 5 - 71

Sérheiti: Hólavallaskóli

Hlutverk: Timburhús

Tegund: Heimild

Aldur: 1785-1900

Lengd: 7 m

Breidd: 15 m

Horfin: Já

Staðhættir

Vegna hörmunga sem höfðu ríkt (móðuharðindin og bólusótt) var ákveðið með konungsúrskurði 1785, að flytja biskupssetrið í Skálholti, þ.e.a.s. skólann og dómkirkjuna, til

Reykjavíkur og byggja þar hús undir

þau. Melshúsalóð varð fyrir valinu

fyrir biskupshúsið en Hólakotslóð fyrir

kennarahúsið. Ekkert varð úr byggingu

biskupshúsins enda fór svo að biskum

sat kyrri í Skálholti. En skólastæðið var

ákveðið, og átti húsið að vera 60 x 30

álnir, conrector-bústaður fyrir norðan

skólann 17 x 9 og rektors þar fyrir

norðan 26 x 21. Þessi tvö síðustu hús

voru aldrei byggð. Auk bústaðar áttu

þeir að njóta túnanna er fylgdu þessum jörðum.¹¹⁰ Um sumarið 1785 var hafist

handa við skólabygginguna. Þar sem fé

til byggingarinnar hafði verið

vanáætlað, var húsið minkað í 40 ál. x

10 ál. frá vestri til austurs. Við

austurhliðina sunnan-verða, var langur

rangali til austurs, 28 ál. x 6 ál. Í sjálfu

aðalhúsinu var rektor ætluð íbúð. Eftir

¹⁰¹ Páll Líndal: *Reykjavík, Sögustaður við Sund*. 3. bindi, 1988, 100-101.

¹⁰² Sveinn Sveinsson: *Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn* 1887.

¹⁰³ Sveinn Sveinsson: *Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn* 1887.

¹⁰⁴ Sveinn Sveinsson: *Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn* 1887.

¹⁰⁵ Sveinn Sveinsson: *Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn* 1887.

¹⁰⁶ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur, fyrri bindi*. 1929, 150.

¹⁰⁷ Páll Líndal: *Reykjavík, sögustaður við Sund*. 3. bindi, R-Ö, 1988. 99.

¹⁰⁸ Sveinn Sveinsson: *Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn* 1887.

¹⁰⁹ Sveinn Sveinsson: *Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn* 1887.

¹¹⁰ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur, fyrri bindi*. 1929, 146.

18 ára daufa tilveru, var skólinn kominn í svo mikla niðurlægingu, að ekki þótti annað tjóa, en að flytja hann burtu og til Bessastaða 1805, en sjálft skólahúsið var rifið 1807 og brakið selt á opinberu uppboði, þó var nokkuð af því flutt til Bessastaða, og haft þar til byggingar.”¹¹¹ Nokkuð eftir að Hólavallaskóli var rifinn (1807).¹¹² Skólinn stóð rétt suðvestan við Hólavelli, Suðurgötu 20.

Lýsing

Hús sem er merkt sem Gamli skólinn á korti Sveins Sveinssonar 1887, var um 7 x 15 m. Á korti frá 1787 er húsið í vinkill og 40 x 10 og 50 x 10 alin.¹¹³

Reykjavík 5 - 76

Sérheiti: Melkot

Hlutverk: Hjallur

Staður: Tjarnargata 32

Tegund: Heimild

Aldur: 1886

Lengd: 5 m

Breidd: 5 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Hjallur við Melkot. Sjá kort Sveins Sveinssonar 1886 og 1887.¹¹⁴

Lýsing

Húsið hefur verið um 5 x 5 m á stærð.

Reykjavík 5 - 77

Sérheiti: Melkot

Staður: Tjarnargata 32

Hlutverk: Torfbær

Tegund: Heimild

Aldur: 1880-1905

Lengd: 14 m

Breidd: 10 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir:

Melkot var á 18. öld byggt úr landi Melshúsa. Bæjarhúsin stóðu á efri hluta lóðar Ráðherrabústaðarins við Suðurgötu.¹¹⁵ Melkot var lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur árið 1806. Um 1860 voru tún Melkots leigð Bernhöft bakara á erfðafestu. Mun það hafa verið í fyrsta skipti sem land í Reykjavík var leigt með þeim hætti en þessi tún voru við suðvestanverða Tjörnina. Melkotsbærinn var rifinn 1915.¹¹⁶

Lýsing

Húsið hefur verið um 5 x 5 m á stærð.

Reykjavík 5 - 78

Sérheiti: Melkot

Hlutverk: Timburhús

Staður: Tjarnargata 32

Tegund: Heimild

Aldur: 1800-1905

Lengd: 15 m

Breidd: 4 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Timburhús við Melkot. Sjá kort Sveins Sveinssonar 1876 og 1887¹¹⁷ og mynd 9 eftir Sigfús Eymundsson bls.19.

Lýsing

Húsið hefur verið um 5 x 5 m á stærð.

Reykjavík 5 - 79

Sérheiti: Grundtvighús/Aníkuhús

Staður: Tjarnargata 12

Hlutverk: Timburhús

Tegund: Heimild

Aldur: 1845-1912

Lengd: 10 m

Breidd: 6 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Um 1845 var reist timburhús sunnan við Brunnhús. Danskur klæðskeri, JC.

¹¹¹ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur, fyrra bindi*. 1929, 146-50

¹¹² Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur, fyrra bindi*. 1929, 150.

¹¹³ Rasmus Lievog Kaupstaðarlóðin 1787 *Reykjavíkurkort. Dagatal* 1986.

¹¹⁴ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

¹¹⁵ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

¹¹⁶ Páll Líndal: *Reykjavík, sögustaður við Sund. 2. bindi, H-P*, 1987, 168-169.

¹¹⁷ Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

Grundtvig eignaðist húsið 1849 og var það þá nefnt Grundvigshús. Árið 1862 varð Anika Knudsen ekkja Diðriks snikkara Knudsens eigandi og bjó þar til æviloka, þá var húsið kallað Aníkuhús. Húsið var rífið 1891 og í staðinn reist tvílyft timburhús. Þegar slökkvistöðin við Tjarnagötu var reist árið 1912 varð það hús að víkja.¹¹⁸

Lýsing

Húsið hefur verið um 10 x 6 m á stærð.¹¹⁹

Reykjavík 5 - 80

Staður: Suðurgata 11

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Lengd: 1 m

Breidd: 1 m

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Ofarlega í lóðinni, þar sem nú stendur

Tjarnarbær, var eitt besta vatnsból

Reykjavíkur, stundum kennt við

Hólakot.¹²⁰

Reykjavík 5 - 81

Sérheiti: Brunnhús

Staður: Suðurgata 11

Hlutverk: Timburhús

Tegund: Heimild

Aldur: 1837

Lengd: 12 m

Breidd: 5 m

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Árið 1837 eða því sem næst, reisti

Þorsteinn Bjarnason hús á lóðinni

Suðurgötu 11. Hús þetta var jafnan

kennt við vatnsbólið og nefnt Brunn-

hús. Þegar ráðist var í byggingu íshúss

við Tjörnina 1913, þrengdi það að

Brunnhúsum, og voru þau þá rifin, þá

orðin býsna fornfáleg. Íshúsinu var síðar breitt í Tjarnarbío.¹²¹

Miðað við núverandi skipulag væru þau sunnan við Suðurgötu 15.

Lýsing

Húsið hefur verið um 12 x 6 m á stærð.¹²²

¹¹⁸ Páll Línal, *Reykjavík, sögustaður við Sund. 3. bindi, R-Ö. 1988, 97.*

¹¹⁹ Sveinn Sveinsson: *Reykjavík, uppdráttur, 1876.*

¹²⁰ Páll Línal, *Reykjavík, sögustaður við Sund. 3. bindi, R-Ö. 1988, 97.*


¹²¹ Páll Línal, *Reykjavík, sögustaður við Sund. 3. bindi, R-Ö. 1988, 97.*

¹²² Sveinn Sveinsson: *Reykjavík, uppdráttur, 1887.*

8 Niðurstöður- verndarsvæði

Lagt hefur verið fram verndarsvæði fyrir fornleifar, þar er líklegra en annars staðar að rekast á fornleifar á framkvæmdarsvæðinu. Taka skal fram að ef hinsvegar fornleifar finnast fyrir utan þessi svæði, verður að meðhöndla þær eins og fornleifar á verndarsvæðunum. Til að koma í veg fyrir að fornleifar skemmist verður haft fornleifaeftirlit með framkvæmdinni auk þess sem rannsóknir verða stundaðar samhliða framkvæmdum.

Á verndarsvæðum verður ekki hægt að beita hefðbundnum aðferðum við endurgerð götunnar. Upptekkt úr götum verður takmörkuð, auk þess sem leiðslur fara í sömu skurði. Þurfi hins vegar vegna óhjákvæmalegra ástæðna að breyta, breikka eða dýpka eldri skurði, verður að koma til fornleifarannsóknar á því svæði sem breytingar eiga við. Komi í ljós fornleifar í eldri skurðum, verður hreinsað frá þeim og þær rannsakaðar (teiknaðar og myndaðar). Þar sem götur vera skafnar niður vegna hættu á fornleifum, verður stöðvað við fornleifar og þær rannsakað (teiknaðar og myndaðar). Síðan verður breiddur dúkur yfir þær fornleifar sem hreinsað er frá til að halda þeim aðskildum frá öðrum jarðlögum.



Mynd 15. Rautt: Verndarsvæði afmarkað vegna framkvæmda. Fjólublátt: Þekktar minjar frá landnámstíma. Grænt: Minjar frá Innréttingatíma.

Búast má við minjum frá landnámstíma á því svæði sem er rauðlitað á mynd 15. Dýpi á þær minjar er um 1,5 m undir núverandi yfirborði Vitað er að skálinn við

Suðugötu 3-5 nær út í götuna. Einnig er vitað að landnámsminjar eru á horni Aðalstrætis, Túngötu og Suðurgötu. Ekki er vitað hvort landnámsminjar nái yfir Vonarstræti.

Ekki er hægt að afmarka minjar frá miðöldum á svæðinu, en minjar frá Innréttingatíma eru að vænta austar en landnámsminjar og eru þær afmarkaðar grænar á mynd 15 og er aðallega að vænta þeirra á horni Túngötu, Suðurgötu og Aðalstrætis, auk þess að þær gætu náð út í Vonarstræti.

Önnur verndarsvæði eru í Suðurgötu á mótis við Suðugötu 12 – 16, en þar á móti er að finna minjar frá 19. öld, Brunnhús og Aníkuhús, (hola 2 og 3). Dýpi niður á fornleifar í holu 2 var um 180 cm, en holu 3 um 60 cm. Ekki fundust fornleifar í holu 4 en dýpi niður á landnám var þar um 180 cm.

Á mótis við kirkjugarðinn er annað verndarsvæði en þar var Melkot. Dýpi niður á fornleifar í holu 1 var um 50 – 80 cm.



Mynd 16. Önnur verndarsvæði í Suðurgötu: Hóla 1, þar er að vænta minja frá Melkoti. Hóla 2 og 3, þar er að vænta minja frá Aníkuhúsi og Brunnhús.

Lagt er til að sneitt verið hjá þessum minjum eins og hægt er til að komast hjá fornleifarannsóknunum.

Heimildaskrá

Útgefið efni:

Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III*. bindi. *Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 2. útg. [Ljósprentun], Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn, 1982.

Bjarni F. Einarsson, *Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993, Rannsóknarsaga, endurmat og landnám*. Rv., 1995 (Skýrslur Árbæjarsafns XLIX).

Bjarni F. Einarsson, *Aðalstræti 12, Könnun á mannvistarlögum meðfram lóð Aðalstrætis 12*. Rv., 1999 (Unnið fyrir Árbæjarsafn af Fornleifafræðistofunni, Skýrslur Árbæjarsafns 73).

Björn Th. Björnsson, *Minningarmörk í Hólavallagarði*. Rv., Mál og menning, 1988.

Einar S. Arnalds, *Reykjavík, sögustaður við Sund* 4. bindi, *Lykilbók*. Rv., 1989.

Elsa Nordahl, *Reykjavík from the archaeological point of view*. Societas Archaeologica Upsaliensis. Uppsala 1988.

Hrefna Róbertsdóttir, „Duchmager Fabrique huus 1753-1818, Frá Árbæjarsafni” *Lesbók Morgublaðsins* 20. desember 1993.

Jakob Benediktsson, *Íslensk fornrit I. Íslendingabók, Landnáma*. Hið íslenska fornritafélag, Rv., 1968.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur, fyrri bindi*. Reykjavík 1929.

Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg: nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Helgafell, Reykjavík, 1952.

Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund* 1. bindi, A-G. Reykjavík 1986.

Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund* 2. bindi, H-P. Reykjavík 1987.

Páll Líndal, *Reykjavík, sögustaður við Sund*. 3. bindi, R-Ö. Reykjavík 1988.

R. Lievog, *Kaupstaðarlóðin 1787. Reykjavíkurkort. Dagatal 1986*. Kort af Reykjavík frá 1715-1981. Unnið af Nönnu Hermansson, Salvöru Jónsdóttur og Mjöll Snæsdóttur. Árbæjarsafn, Reykjavík, 1986

Ragnheiður Traustadóttir, *Fornleifaskráning á Miðnesheiði*. Þjóðminjasafn Íslands, Garðabær, 2000.

Þorkell Grímsson, “Reykvískar fornleifar”, *Reykjavík í 1100 ár, safn til sögu Reykjavíkur* (Rv., 1974) 53-74.

Porkell Grímsson og Þorleifur Einarsson, "Fornminjar í Reykjavík og aldursgreiningar", *Árbók Hins íslenska Fornleifafélags* (Rv., 1969), 80-97.

Óútgefið efni:

Anna Lís Guðmundsdóttir Sólborg Una Pálsdóttir, Fornleifar í Suðurgötu frá Melatorgi að Vonarstræti. Könnunarholur, vegna framkvæmda í Suðurgötu. Rv., 2004.

H. M. Roberts, Fornleifarannsókn á lóðum/Archaeological Excavations at Aðalstræti 14 - 18, 2001, A Preliminary Report/Framvinduskýrslur. Fornleifastofnun Íslands, FS156-00161, Reykjavík 2001.

Kristín H. Sigurðardóttir, Fornleifarannsóknir á lóðinni Suðurgötu 7 í Reykjavík. Rv., 1985.

Sveinn Sveinsson: Reykjavík, uppdráttur, Árbæjarsafn 1887.

Örnefnaskrá fyrir Reykjavík og Seltjarnarnes, Örnefnastofnun.

Vefsíður

Borgarvefsjáin, <http://borgarvefsjá.is/website/bvs/>